



Borgarráð

Grænt húsnæði framtíðarinnar – Arnarbakki 6

Óskað er eftir heimild borgarráðs til þess að slíta viðræðum um úthlutun lóðar á Arnarbakka 6 við teymi sem samanstóð af Alverki ehf., Grímu arkitektum ehf., Tendra ehf. og VSÓ ráðgjöf ehf. Jafnframt er óskað eftir því að Veðurhæð ehf. boðið til viðræðna um úthlutun lóðarinnar á grundvelli tillögu sem teymið sendi inn í tengslum við Grænt húsnæði framtíðarinnar.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 31. mars 2022 var skrifstofu borgarstjóra og borgarritara veitt umboð til að ræða við hlutsköpunu hópna í verkefninu Grænt húsnæði framtíðarinnar. Á þeim grundvelli hefur skrifstofa borgarstjóra og borgarritara um nokkurt skeið verið í viðræðum um úthlutun Arnarbakka 6 við teymi sem samanstóð af Alverki ehf., Grímu arkitektum ehf., Tendra ehf. og VSÓ ráðgjöf ehf. Af þeim viðræðum er ljóst að teymið er ekki tilbúið til þess að fá lóðinni úthlutaðri að svo stöddu. Þar sem það er markmið borgarinnar að úthluta umræddri lóð sem fyrst svo uppbygging geti hafist og lokið sem fyrst er þess óskað að veitt verði heimild til þess að slíta viðræðum um úthlutun lóðarinnar við teymið.

Jafnframt er óskað eftir því að teyminu Veðurhæð ehf. verði boðið til viðræðna um úthlutun lóðarinnar að Arnarbakka 6. Veðurhæð ehf. var hlutskarpast á lóðinni Völvufell 43. Við upphaf viðræðna við Veðurhæð ehf. komu í ljós gallar á gildandi deiliskipulagi þeirrar lóðar sem koma í veg fyrir úthlutun hennar að óbreyttu. Er því lagt til að Veðurhæð ehf. verði boðið til viðræðna um Arnarbakka 6 á grundvelli tillögu sem teymið sendi inn í tengslum við samkeppnina Grænt húsnæði framtíðarinnar.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara